

UMSJÓN:
LÁRA GUÐRÚN
AGNARSDÓTTIR

NÆSTA

VIKA

- Heimilisfræði næsta mánudag 6. sept
- Sundkennsla verður fram eftir hausti
- Námsefnis - kynningin verður fimmtudaginn 16. sept.
- Val byrjar í næstu viku
- Heimavinna og aðrar upplýsingar um hvern nemanda er hægt að nálgast á Mentor

GÓÐAR ÁBENDINGAR

1. Nægur svefn
2. Vakna tímanlega
3. Skipulag
4. Jákvæðni
5. Hollur matur
6. Reglulegar máltíðir
7. Ekki bíða með heimanámið

Viðtalstími minn er á fimmtudögum kl 11:20-12:00 og eftir þörfum

Fréttabréf

8.-9. bekkjar

I. BRÉF

30. ÁGÚST - 3. SEPT. 2010

Fréttir síðustu viku

Engin kennsla fór fram í síðustu viku vegna fermingaferðalags sem krakkarnir í 8. bekk fóru með séra Sig-ríði í Vatnaskóg og skemmtu þau sér vel þar. 9. og 10. bekkur skelltu sér aftur á móti til Danmerkur þar sem nemendur hittu danska penna-vini og dvöldu þar tvær nætur heima hjá þeim og þriðju nótt ina þar sem þau sváfu öll saman í

íþrótta-húsi skólans. Eftir þá nótt var haldið til Köben þar sem ýmislegt var gert og skoðað, s.s.farið í Tivolí, skoðað tarium safnið þar sem hægt var að prófa að gera ýmis konar tilraunir, kíkja í búðir og sigla um síkin. Það var þreyttur en glaður hópur sem kom heim aftur aðfaranótt síðasta sunnudags.



Í skólabyrjun

Ég undirrituð hef fengið það hlutverk að vera umsjónakennari í 8.-10. bekk í vetur og eru það breytingar fyrir mig þar sem ég hef aðallega verið með umsjón á mið og yngsta stigi.

Í þessu fréttabréfi ætla ég að reyna að

fara yfir það sem hefur verið gert í vikunni á undan, hvað er á döfinni og koma á framfæri tilkynningum ef einhverjar eru.

Fyrsta mánudag í hverjum mánuði verður heimilisfræði og verður fyrsta skiptið á næstkomandi

mánudag.

Í vetur ætla ég að vera reglulega með nemendaviðtöl og einnig verður kennd náms-tækni, þar sem áherslan verður lögð á skipulag og ýmis ráð til að bæta námsárangur nemenda.

Kveðja, Lára Guðrún